

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Þegar lög nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, voru sett, lét ríkisstjórnin það liggja í loftinu, að ákvæðin um viðbótarsöluskattinn, — 8% til viðbótar 7% „af allri innfluttri tollvöru að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri 10% álagningu,“ — yrðu ekki lätin gilda lengur en til næstu áramóta. Ákvæðin voru sett meðal fjögurra annarra aðgreindra efnisatriða undir fyrirsögninni: „Ákvæði til bráðabirgða,“ og öll ljúka þessi fjögur efnisatriði laganna gildi á þessu ári.

Í greinargerð fjárlagafrumvarpsins fyrir 1960 hafði ríkisstjórnin sagt orðrétt: „Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti á innflutningi.“

Þetta tilkynnti ríkisstjórnin allri þjóðinni — á kostnað þjóðarinnar sjálfar — í dreifriti sínu, „Viðreisn“.

En svo — nokkru seinna — þegar ríkisstjórnin lagði fyrir Alþingi frv. um söluskatt, segir hún í greinargerð með því frumvarpi, að m. a. af því, að hinn almenni síðasta-sölustigsskattur, 3%, komi ekki til framkvæmda fyrr en nokkuð er liðið af árinu, sé fyrirsjáanlegt, að með honum einum saman fáist ekki sú fjárhæð, sem frumvarp til fjárlaga gerir ráð fyrir. „Hefur því“ — stendur orðrétt þar — „verið horfið að því til bráðabirgða að afla þess, sem á vantar, með viðbótarsöluskatti á innfluttar vörur. Er áætlað, að til þess þurfi að hækka núgildandi innflutningssöluskatt um 8%, eða úr 7% í 15%, og er lagt til, að sú hækkun gildi til ársloka 1960.“

Þeir menn, sem trúðu ríkisstjórninni vel, álitu, eins og vonlegt var, samkvæmt því, er að framan greinir, að 8% söluskattsviðaukinn mundi ekki standa lengur en til ársloka 1960, — álitu, að þá færu betri lífskjör að koma aftur til sögunnar, enda var það í samræmi við túlkun málgagna ríkisstjórnarinnar.

En til voru vantrúaðir menn. Ég sagði t. d. í nefndarálit sem minnihlutamaður í fjárhagsnefnd Ed. um söluskatt þennan 12. marz 1960, að engar líkur væru til þess, að ríkisstjórnin mundi að árinu loknu vilja láta þennan viðbótarskatt falla niður. Þetta þótti ýmsum óvinsamlega og ómaklega mælt í garð ríkisstjórnarinnar eftir því, sem orð hefðu fallið úr hennar átt um skattaokann og tilkomu hans.

En öll stefna ríkisstjórnarinnar og ráðlag fól í sér spá um þetta.

Nú hefur sú spá líka rætt. Nú hefur ríkisstjórnin lagt fram frumvarp um framlengingu viðbótarsöluskattsins, 8%, sem verður í framkvæmd 8.8% á vöruverði til almennings. Og þetta segist ríkisstjórnin gera af því, að stefna sín sé „að afgreiða fjárlög fyrir árið 1961 hallalaus, án þess að leggja nýja skatta eða aðflutningsgjöld“ á þjóðina.

Í síðastliðnum marz mánuði var gripið til þess að lögleiða hækkun þessa söluskatts til ársloka 1960, af því að innheimta nýrra skatta gat ekki orðið nema þrjá fjórðunga ársins. Nú, þegar sú ástæða verður ekki fyrir hendi næsta ár, segist ríkisstjórnin eigi að síður ætla að lögleiða viðbótarsöluskattinn allan allt það ár til þess að hlífa þjóðinni við nýjum sköttum eða aðflutningsgjöldum.

Einkennilegur orðaleikur og — vægast sagt — vandræðalegur.

Hvað gildir svo þessi skattur fyrir kjör almennings?

Hann er áætlaður af ríkisstjórninni um 170 millj. kr., en það er um eitt þús. kr. gjald á hvert mannbarn í landinu til jafnaðar.

Til frekari glöggvunar og betri á þessum viðbótarsöluskatti tel ég rétt og viðeigandi að leiða vitni, sem á að vera óhlutdrægt og a. m. k. ekki óvinveitt stefnu ríkisstjórnarinnar.

Hingað til lands kom í sumar sem leið norskur hagfræðingur, Per Dragland að nafni. Hann var fenginn til þess að athuga íslensk efnahagsmál og gefa holl ráð um þau.

Stjórnarblöðin birtu álitserð hagfræðings þessa og létu vel yfir — og töldu sig fá út úr henni góðan dóm um stjórnarstefnuna.

En þegar með athygli er lesin álitserðin, þá eru þar bendingar, sem bera ótvírætt með sér, að mannum hafa þótt efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar uggvænlegar.

Ríkisstjórnin hefur viljað halda því fram, að efnahagsaðgerðum sínum fylgi litlar kjaraskerðingar. En Per Dragland segir orðrétt í álitserð sinni: „Um er að

ræða aðgerðir, sem stefna að tilfinnanlegri rýrnun lífskjara.“ Á öðrum stað í álitsgerðinni segir hann líka: „Ráðstafanirnar fela í sér svo mikla kjaraskerðingu, að tilfinningar mínar gera mér örðugt að mæla með þeim.“

Hina miklu vaxtahækkun má telja að hann fordæmi.

Um viðbótarsöluskattinn, sem hér er fyrst og fremst til umræðu, segir hann sérstaklega:

— — „er hækkun söluskatts í innflutningi úr 7,7% í 16,5% skoðuð sem bráðabirgðaráðstöfun. Þegar hægt verður að lækka skattinn aftur, mun það eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, hafa í för með sér 3% sparnað fyrir vísitölufjölskylduna.

Slík lækkun ætti að mínum dómi að ganga fyrir, jafnskjótt og hægt er að framkvæma hana, ekki sízt vegna þess, að eftir gengislækkunina situr Ísland uppi með óvenjuháa tollvernd, sem ekki aðeins gerir vörurnar dýrari, heldur getur einnig hvatt til framleiðslu og atvinnurekstrar, sem hvorki í bráð né lengd er hagkvæm fyrir heildina. Á sama tíma, sem bæði útgerðina og fiskvinnslustöðvarnar skortir vinnuafli, ber að forðast, eins og unnt er, að opna leiðir fyrir atvinnurekstur, sem aðeins getur þrífist í skjóli hárra tollmúra.“

Þarna upplýsir Per Dragland, að þessi viðbótarskattur valdi meðalstórri fjölskyldu 3% kjaraskerðingu, og auðvitað því meiri skerðingu, sem fjölskyldan er stærri.

Honum hefur verið sagt, að skattaukinn eigi að skoðast tekinn upp til bráðabirgða.

Hann telur, að lækka eigi skattinn, „jafnskjótt og hægt er að framkvæma“ lækkunina.

Hann nefnir, auk kjaraskerðingarinnar, óheilbrigð áhrif skattsins á atvinnulífið.

Það er ekki stjórnarandstaðan, sem þarna talar, heldur erlendur hagfræðingur, ráðunautur stjórnarliðsins.

Í samræmi við skoðun hagfræðingsins legg ég til, að frumvarp þetta um framleggingu viðbótarsöluskattsins verði fellt og stjórnin látin standa við þau fyrirheit, sem hún lét liggja í loftinu, þegar skatturinn var löggleiddur, að til hans væri aðeins gripið fyrir árið 1960.

Ég tel mér ekki skylt — eins og sakir standa — að gera tillögu um, hvernig afgreiða skuli hallalaus fjárlög við 3. umræðu þeirra, þegar þessi skattauki fellur niður.

Ríkisstjórnin heldur leyndu fyrir Alþingi öllu því, er hún getur, um raunverulegar fyrirætlanir sínar í efnahagsmálum sem öðru. Hún felur það innan múra þingflokka sinna.

Enn þá hefur hún t. d. ekki fengizt til að leggja fram á Alþingi eða í fjárveitinganefnd fullgilda áætlun um gjaldeyrismálin 1961, svo sem vera ber, af því að þar er ein aðalundirstaða afkomu ríkissjóðs.

Þetta gerir það að verkum, að stjórnarandstaðingur hefur hvorki aðstöðu né skyldu til að lýsa frá sinni hendi tekjuöflunartillögum eða gjaldalækkunartillögum vegna afgreiðslu fjárlaganna samtímis því, að hann leggur til, að kjaraskerðingarfrumvarp það, sem hér um ræðir, verði fellt.

Leyndin bak við múrana leggur þá skyldu á herðar ríkisstjórninni og þingflokki hennar.

Alþingi, 11. des. 1960.

Karl Kristjánsson.